

Ráðbarður sf.
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi



Reykjavík 20. október 2015
UST201510-009/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing . Tillaga að deiliskipulagi svæðis að Sveinsstöðum í Húnavatnshreppi.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Húnavatnshrepps er barst 5. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu á deiliskipulagi á svæði í landi Sveinsstaða er nær yfir Þrístapa sem liggja í Vatnsdalshólunum, Ólafslund sem er útivistarsvæði, gamalt skólahús, byggingarsvæði tengt búskap á jörðinni og svæði fyrir frístundabyggð sunnan Þjóðvegur nr. 1 og austan Vatnsdalsvegur. Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er 65 ha að stærð.

Náttúruminjar

Í lýsingu kemur fram að innan ofangreinds skipulagstillögusvæðis liggja Þrístapar, en það eru þrír samliggjandi smáhólar sem liggja vestast í Vatnsdalshólunum. Umhverfisstofnun bendir á að Vatnsdalshólar, Sveinsstaðahreppi, Torfalækjarhreppi í A-Húnavatnssýslu er svæði nr. 407 á náttúruminjaskrá, en í skránni segir: „*Hólarnir vestan Hnausakvíslar og Flóðsins milli Þjóðvegur og Þórdísarlækjar í löndum Sveinsstaða og Vatnsdalshóla. Fjöldi framhlaupshóla úr Vatnsdalsfjalli, flæðiengi og tjarnir.*“ Umhverfisstofnun minnir á að á náttúruminjaskrá eru náttúruminjar og lönd sem ástæða kann að vera til að friðlýsa. Umhverfisstofnun bendir á að Vatnsdalshólar hafa mikið náttúruverndargildi og jarðsögulegt gildi. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að í skipulagsvinnu sé hugað að ofangreindum náttúruminum og að forðast verði röskun þeirra.

Í lýsingu kemur fram að á skipulagssvæðinu norðan Þjóðvegur 1 og austan Þingeyrarvegur eru tún og byggingar. Einnig kemur fram að vestan Þingeyrarvegur er skipulagssvæðið mýrlent með stöku hólum. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta mýrar og flóar 3 ha að stærð eða stærri sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Að mati Umhverfisstofnunar er því mikilvægt að við skipulag svæðisins verði mýrlendi hlíft við framkvæmdum eins og kostur er.


Frístundabyggð


Í lýsingu kemur fram að frístundabyggð í landi Sveinsstaða er áætluð sunnan Þjóðvegur 1 og austan Vatnsdalsvegur. Umhverfisstofnun telur að tilgreint svæði sé umlukið náttúruminum á náttúruminjaskrá þ.e. í vestur eru Vatnsdalshólar og fyrir austan er svæði nr. 408 á náttúruminjaskrá

sem er Eylendið, Flóðið og Húnavatn. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að við skipulag frístundabyggðar séu náttúruminjarar hafðar í huga og tillit tekið til þeirra, og að væntanlegar framkvæmdir verðir aðlagðar að umhverfinu.

Einnig bendir stofnunin á að áætluð fráveita í frístundabyggð vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur